



ÁRSSKÝRSLA 2007

VEGVÍSIR - MARKMIÐ 2008

FEBRÚAR 2008

Febrúar 2008

Þekkingarsetur Þingeyinga

Forsíðumyndir:

Óli Halldórsson

Efri v.: Útifyrirlestur við Kiðagil, Bárðardal júní 2007
Efri h.: Útskriftarhópur skólaliða á Narfastöðum í maí 2007
Neðri v.: Linda M. Sigurðardóttir greinir frá samrannsókn
um atvinnusköpun og þjóðgarða í Skúlagarði febr. 2007
Neðri h.: Varðeldur í Rauðuvík (Viknafjöllum v. Skjálfanda) í
starfsmannaferð Þekkingarsetursins ágúst 2007

Ábyrgð:

Þekkingarsetur Þingeyinga
Óli Halldórsson

INNGANGUR	1
STJÓRN OG STARFSFÓLK	3
HÚSNÆÐI, STARFSSVÆÐI	7
SÍMENNTUNARSVIÐ	9
HÁSKÓLANÁMSSVIÐ	15
RANNSÓKNAR- OG ÞRÓUNARSVIÐ	17

INNANGUR

Árið 2007 var fyrsta heila starfsár Þekkingarseturs Þingeyinga eftir sameiningu símenntunar-, háskóla- og rannsóknþjónustu í Þingeyjarsýslu í eina stofnun, undir nafni Þekkingarsetursins. Stofnunin eflaðist töluvert á árinu 2007 og óx starfsemi á öllum sviðum. Árið 2006 var undirritaður samningur milli menntamálaráðherra og hinnar nýsameinuðu stofnunar, Þekkingarseturs Þingeyinga, um regluleg fjárframlög til 5 ára og ákveðnar skyldur Þekkingarsetursins á þeim tíma. Í markmiðslýsingu samningsins kemur eftirfarandi fram:

Þekkingarsetur Þingeyinga skal á samningstímanum vinna að eftirfarandi markmiðum:

- Að efla byggð í Þingeyjarsýslum með símenntun, þjónustu á sviði háskólamenntunar og með rannsóknarstarfi.
- Að vera miðstöð símenntunar og fullorðinsfræðslu í Þingeyjarsýslum og bjóða nám er tengist atvinnulífi og tómstundum. Jafnframt að veita námsráðgjöf og hafa milligöngu um framboð á fjarnámi.
- Að starfrækja háskólanámssetur með tilheyrandi búnaði og vinna með viðurkenndum háskólum að bættri þjónustu við hákólanema.
- Að vera miðstöð rannsóknarstarfs í Þingeyjarsýslum og treysta samstarf þeirra er stunda rannsóknir í héraðinu.

*Samningur menntamálaráðuneytis og Þekkingarseturs
Þingeyinga, dags. 2. júní 2006. 1. gr.*

Til einföldunar var ákveðið að sameina ársskýrslu fyrir árið 2007 og starfsáætlun fyrir árið 2008 í eina skýrslu. Í þessari ársskýrslu er því að finna bæði grunnupplýsingar um starfsemi Þekkingarsetursins á árinu 2007, sem og helstu markmið fyrir starfsemina á árinu 2008. Umfjöllun er með þeim hætti að fjallað er um starfsemi ársins 2007 í upphafi hvers kafla en í lokin er greint frá markmiðum ársins 2008 á því sviði sem kaflinn fjallar um.

Í þessari skýrslu er ekki fjallað um fjárhag heldur vísast til ársreiknings 2007 hvað það varðar. Endurskoðaður ársreikningur 2007 verður gefinn út fyrir 1. júní 2008. Ársreikningurinn verður sendur menntamálaráðuneytinu og Ríkisendur-skoðun auk þess sem hann verður aðgengilegur öllum hjá Þekkingarsetri Þingeyinga.



Óli Halldórsson

Forstöðumaður

STJÓRN OG STARFSFÓLK

Starfsfólk

Starfsmannahald 2007-2008	Áætlun fyrir 2007?	Niðurstaða 2007?	Áætlun fyrir 2008?
Stöðugildi launþega á heilsársvísu	4	4,8	5,5
Stöðugildi að auki við tímabundna námskeiðskennslu	2-3 alls	1,40	1,40
Stöðugildi að auki við tímabundin rannsóknaverkefni	(sjá ofan)	1,0	1,1
Alls:	6-7	7,2	8

Á árinu 2007 voru 4-6 starfsmenn hjá Þekkingarsetrinu í föstu starfi í um 5 stöðugildum. Í fullu starfi allt árið voru forstöðumaður, verkefnastjóri símenntunar og þjónustufulltrúi. Náms- og starfsráðgjafi og fagstjóri nýbúafraeðslu voru í um hálfu starfi á árinu. Frá maímánuði var svo Haraldur Reinhardsson ráðinn í fullt starf á rannsókn- og þróunarvið. Á árinu 2007 lét Guðrún Kristín Jóhannsdóttir af starfi verkefnastjóra símenntunar og við tók Helena Eydís Ingólfssdóttir sem áður starfaði við náms- og starfsráðgjöf hjá Þekkingarsetrinu. Í stað Helenu var Erla Dögg Ásgeirsdóttir ráðinn í hálfu starf til að sinna náms- og starfsráðgjöf.


Fastir starfsmenn í árslok 2007:

 Óli Halldórsson Forstöðumaður (100%) Sími: 464 0447 netfang: oli@hac.is M.A. umhverfisfræði, B.A. heimspeki, dipl. kennslufræði	 Helena Eydís Ingólfssdóttir Verkefnastjóri símenntunar (100%) Sími: 464 0454 netfang: helena@hac.is B.Ed. kennari, MPA-nemi í opinberri stjórnsýslu
 Guðrún Ósk Brynjarsdóttir Þjónustufulltrúi (100%) Sími: 464 0444 netfang: gudrun@hac.is Nemi í skrifstofustjórnun og skólaritun	 Erla Dögg Ásgeirsdóttir Náms- og starfsráðgjafi (50%) Sími: 464 0454 netfang: erladogg@hac.is B.A. uppeldisfræði, dipl. náms- og starfsráðgj., M.A. nemi í náms- og starfsráðgjöf
 Selma Kristjánsdóttir Fagstjóri nýbúafraeðslu (50%) Sími: 464 0444 netfang: selma@hac.is B.Ed. kennari, M.A. nemi í fjölmennningarfræðum	 Haraldur Reinhardsson Rannsóknir og þróun (100%) Sími 464 0454 netfang: haddi@hac.is B.A. í samfélags- og hagþróunarfræðum

Útan fastra launþega er töluvert um tímabundin störf við verkefni á vegum Þekkingarsetursins, þ.e. kennslu í verktakavinnu við námskeiðakennslu auk háskólanema við tímabundin rannsókn- eða þróunarverkefni. Að öllu töldu, útheimti starfsemi Þekkingarseturs Þingeyinga 7,2 stöðugildi á árinu 2007.

Skipurit

Á árinu 2007 var unnið eftir gildandi skipuriti Þekkingarseturs Þingeyinga sem samþykkt eftir sameiningu Þekkingarsetursins og Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga á árinu 2006.



Stjórn

Stjórn Þekkingarseturs Þingeyinga er skipuð 8 fulltrúum sem tilnefndir eru til tveggja ára í senn. Á árinu 2007 urðu þær breytingar á stjórn að Háskólinn á Akureyri tilnefndi Hreiðar Valtýsson í stað Eyjólf Guðmundssonar og Héraðsnefnd Þingeyinga tilnefndi Aðalsteinn J. Halldórsson í stað Jóns Helga Björnssonar.

Stjórn Þekkingarseturs Þingeyinga:

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga:	Tryggvi Finnsson
Framhaldsskólar í Þingeyjarsýslum:	Gunnar Baldursson (Framh.sk. á Húsavík)
Háskóli Íslands:	Rögnvaldur Ólafsson
Háskólinn á Akureyri:	Hreiðar Valtýsson
Héraðsnefnd Þingeyinga:	Aðalsteinn J. Halldórsson
Norðurþing:	Erla Sigurðardóttir
Rannsóknastofnanir innan ÞÞ:	Böðvar Pétursson (Náttúrustofu NA)
Stéttarfélag í Þingeyjarsýslum:	Aðalsteinn Árni Baldursson (formaður)

Framkvæmdaráð samanstendur af þremur stjórnarmönnum sem starfa í umboði stjórnar milli funda stjórnar.

Framkvæmdaráð Þekkingarseturs Þingeyinga:

Aðalsteinn Árni Baldursson
Erla Sigurðardóttir
Gunnar Baldursson


Stjórn Þekkingarsetursins kom saman til fundar 4 sinnum á árinu 2007 og framkvæmdaráð 5 sinnum. Alls voru því haldnir 9 fundir í stjórn og frkv.ráði.

Áætlun 2008: Stjórn og starfsfólk	
Stöðugildi fastra launþega	5,5
Stöðugildi að auki við tímabundna námskeiðskennslu	1,4
Stöðugildi að auki við tímabundin rannsóknaverkefni	1,1
Óbreytt skipurit og skipulag	
Breytingar á stjórn þar sem tveggja ára tilnefningartími rennur út hjá flestum tilnefn.aðilum	
Skýringar Á árinu 2008 verður áfram unnið eftir skipuriti Þekkingarsetursins frá árinu 2006. Stjórn Þekkingarsetursins er skipuð til tveggja ára í senn. Breytingar á stjórn gætu því orðið á árinu 2008 þar sem flestir stjórnarmeðlimir voru tilnefndir árið 2006. Í ársbyrjun 2008 starfa 6 launþegar í föstu starfi hjá Þekkingarsetri Þingeyinga. Stefnt er að því að festa í sessi stöðugildi á rannsókn- og þróunarsviði og verkefnastjórn nýbúafraeðslu með fjölgun verkefna á þessum sviðum á árinu 2008. Í ársbyrjun 2008 hefur Þekkingarsetrið leitað stuðnings við hugmynd um eflingu námsþjónustu við íbúa norðausturhorns starfssvæðisins með uppbyggingu starfsstöðvar á Þórshöfn. Að sama skapi er unnið að opnun starfsstöðvar við Mývatn á rannsóknar- og þróunarsviði. Slíkar viðbætur við starfsemina verða líkast til ekki gerðar á núverandi tekjugrunni stofnunarinnar en á árinu 2008 verður unnið að leiðum til að fjármagna slíkan þjónustuauka. Alls er gert ráð fyrir 5,5 stöðugildum í föstu starfi. Starfsemi á símenntunarsviði Þekkingarsetursins hefur aukist töluvert undanfarin misseri. Reiknað er með að almenn námskeiðskennsla á símenntunarsviði verði áþekk og á liðnu ári og útheimti um 1,4 stöðugildi tímabundinna kennsluverkefna. Áform eru uppi hjá Þekkingarsetrinu um að efla þjónustu á fræðslusviði við íbúa norðausturhluta starfssvæðisins með opnun fræðsluseturs á Þórshöfn þar sem yrði a.m.k. 1 starfsmaður Þekkingarsetursins. Þessi áform eru háð utanaðkomandi fjármagni og hefur Þekkingarsetrið þegar hafið vinnu við fjármögnun þessa verkefnis. Á rannsókn- og þróunarsviði hefur starfsemi eflst mikið með tilkomu starfsmanns við rannsókn- og þróunarvinnu frá miðju ári 2007. Þrátt fyrir það er ráðgert að halda áfram að leggja áherslu á tímabundin verkefni háskólanema. Ráðgert er að tímabundin rannsókn- og þróunarverkefni muni alls útheimta um 1,1 stöðugildi.	

HÚSNÆÐI, STARFSSVÆÐI

Starfssvæði

Á árinu 2007 stækkaði starfssvæði þekkingarsetursins til austurs þegar Langanesbyggð var öll sett undir þjónustu stofnunarinnar. Þessi breyting kom til að ósk sveitarfélagssins Langanesbyggðar, en eftir sameiningu Þórshafnarhrepps og Skeggjastaðahrepps (Bakkafjarðar) hefur almenn þjónusta við Bakkfirðinga og nærsveitir verið að færast á hendur Þingeyinga í auknum mæli. Á þetta við alla stoðþjónustu sveitarfélaganna sem og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga svo eitthvað sé nefnt. Breyting þessi varð gerð eftir samkomulag þar um við þekkingarnet Austurlands, sem áður fór með fræðslu- og fjarnámsþjónustu á Bakkafjarðarsvæðinu.



Starfssvæði þekkingarseturs Þingeyinga nær frá Vaðlaheiði til Bakkafjarðar. Alls yfir 18% af flatarmáli Íslands.

Starfssvæði þekkingarsetursins nær nú yfir 7 sveitarfélög, frá Vaðlaheiði (Þingeyjarsveit) í vestri að Bakkafirði (Langanesbyggð) í austri. Að flatarmáli er svæðið allt um 18.440 km² eða 18% landsins. Akstursvegalengd eftir þjóðvegi milli enda starfssvæðis frá vestri til austurs með ströndinni er um 320 km. Þar af er ríflega þriðjungur á malarvegi.

Húsnæði á Húsavík

Húsnæðismál	2007	Áætlun fyrir 2008
Húsnæði í notkun?	Garðarsbraut 19, Húsavík	Óbreytt húsnæði (Garðarsbr. 19) Aukarými í nágrenni leigt til kennslu og rannsókna
Undirbúningur nýs húsnæðis?	Beðið niðurstöðu sv.fél. Norðrþings um nýbyggingu	Endanleg ákvörðun tekin um framtíðarhúsnæði snemma árs 2008.
Forsendur fyrir nýju húsnæði?	-----	Vandað rými á Húsavík, sérsníðið að þörfum þp, sambýli með þekkingarstarfsemi á svæðinu, góðir stækkunarmöguleikar. Flutningur innan 1-1/2 árs.

Síðustu misserin hefur þekkingarsetur Þingeyinga varið töluverðum tíma í að finna framtíðarlausn á húsnæðismálum stofnunarinnar. Í nokkurn tíma hefur legið fyrir að núverandi húsnæði er ófullnægjandi til framtíðar og er það þegar farið að hamla eðlilegum vexti og framgangi þekkingarsetursins og samstarfsstofnana þess. Sveitarfélagið Norðrþing hefur undanfarin ár leitt þróunarvinnu um nýbyggingu sk. „þekkingargarðs“ sem hýst gæti þekkingarsetrið auk annarrar starfsemi. Í árslok

2007 var ekki komin niðurstaða í vinnu Norðurlþings, en stjórn Þekkingarsetursins stefnir á að taka ákvörðun í húsnæðismálum stofnunarinnar fyrir hluta ársins 2008, að fenginni niðurstöðu Norðurlþings.



Húsnæði Þekkingarseturs Þingeyinga á 2. hæð við Garðarsbraut 19 á Húsavík. Brýnt er að stefna verði tekin til framtíðar í húsnæðismálum stofnunarinnar á árinu 2008.

Áætlun 2008: Húsnæði, starfssvæði

Þekkingarsetrið mun starfa áfram að Garðarsbraut 19, Húsavík, á árinu 2008.

Leigt verður aukarými í nágrenninu fyrir skrifstofur og/eða kennslurými til bráðabirgða.

Tekin verður ákvörðun á fyrrihluta árs 2008 um framtíðarhúsnæði Þekkingarsetursins.

Árið 2008 verði notað til að móta húsnæðisþarfir þess til framtíðar. Meginforsendur verði: vandað rými á Húsavík sem sérsníðið er að þörfum og starfsemi þess. Stækkunarmöguleikar verði góðir.

Skýringar

Núverandi húsnæði Þekkingarsetursins að Garðarsbraut 19 er ófullnægjandi og þegar farið að hamla þróun Þekkingarsetursins og samstarfsstofnana þess. Þekkingarsetrið og tengdar stofnanir hafa síðustu misseri beðið eftir ákvörðun sveitarfélagsins Norðurlþings um stefnumótun í húsnæðismálum og því haldið að sér höndum á meðan. Einkum hefur verið horft til ákvörðunar um byggingu nýbyggingar sem haft hefur vinnuheimið „Þekkingargarður“, sem hýst gæti Þekkingarsetrið og tengdar stofnanir, bókasafn og menningarsal.

Óhjákvæmilega er gert ráð fyrir að Þekkingarsetrið starfi áfram í núverandi húsnæði að Garðarsbraut 19, Húsavík, á árinu 2008.


Endanleg ákvörðun um framtíðarhúsnæði verður tekin fyrrihluta árs 2008. Þá er brýnt að á árinu verði mótuð stefna um þarfir og útfærslu framtíðarhúsnæðis Þekkingarsetursins. Náin samvinna verður höfð við aðra þekkingarstarfsemi á svæðinu og sveitarfélagið Norðurlþing.

Meginforsendur framtíðarhúsnæðis eru: Vandað rými á Húsavík sem sérsníðið er að þörfum og starfsemi þess og staðsetning valin með það í huga að góðir stækkunarmöguleikar séu fyrir hendir. Einnig að unnið verði að því samhliða að mögulegt verði að sameina undir einu þaki þekkingar-, þróunar og rannsóknastarfsemi á Húsavík.

Stefnt verður að því meginmarkmiði að stuðla að sameiningu allrar þekkingar-, þróunar- og rannsóknastarfsemi á Húsavík undir sama þak.

SÍMENNTUNARSVIÐ

Markmið símenntunarsviðs 2007-2008	Áætlun fyrir 2007?	Niðurstaða 2007?	Áætlun fyrir 2008?
Fjöldi almennra námskeiða á svæði þþ	30	35	35
Fjöldi lengri námsleiða (60+ kest.):	4	6	4
Fjöldi kenndra stunda:	-	867	900
Fjöldi kenndra nemendastunda:	6.000	16.147	15.000
Þátttakendur	-	376	400
Fjöldi náms- og starfsráðgjafarviðtala:	159	158	150



Kynjahlutfall

námskeiðspáttakenda árið 2007.

Kynjahlutfallið er áþekkt því sem þekkist við fullorðinsfræðslu á Íslandi almennt, þar sem hlutfall kvenna er verulega hærra en karla.

Áherslur

Á árinu 2007 lagði þekkingarsetrið sérstaka áherslu á að bjóða upp á stærri námsleiðir eftir viðurkenndum námskrám Fræðslumiðstöðvar Atvinnulífsins (FA). Erfitt getur reynst að meta þörf og áhuga á einstökum námsleiðum á hinu víðfema og dreifbýla starfssvæði þekkingarsetursins. Með samstarfi náms- og starfsráðgjafar og þarfagreiningar á símenntunarsviði reyndist þó unnt að velja ákveðnar leiðir úr til kennslu. Á árinu 2007 fór það saman að eftirspurn reyndist næg og aukafjármagn fékkst frá FA til að reka 6 námsleiðir. Rekstur þessara stærri námsleiða í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins endurspeglar að verulegu leyti þann mikla fjölda nemendastunda sem mældist á árinu sökum verulega meira umfangs þessara leiða en flestra styttri námskeiða.

Námsleiðir

Á vorönn voru þrjár námsleiðir samkvæmt námskrám Fræðslumiðstöðvar Atvinnulífsins kenndar á vegum þekkingarsetursins. Þær voru Landnemaskóli (120 kest.), Grunnám skólaliða (70. kest.) og Fjölverkjar (170 kest.). Landnemaskólinn var haldinn á Húsavík. Grunnám skólaliða var kennt á þremur stöðum með aðstoð fjarfundatækninnar, Húsavík, Laugum og Mývatnssveit. Fjölverkja-námsleiðin var kennd á Kópaskeri.

Á haustönn voru einnig kenndar þrjár námsleiðir, Landnemaskóli (120 kest.), Fagnám II fyrir starfsfólk í félags- og heilbrigðisþjónustu (60 kest.) og Aftur í nám (95 kest.), allar á Húsavík.

Námskeið

Námskeið haldin á vorönn

Námskeið	Kennslustundafjöldi	Þátttakendafjöldi	Staður
Íslenska I	30	6	Húsavík
Íslenska II	30	14	Húsavík
Íslenska I	50	14	Raufarhöfn
Íslenska I	50	11	Laugar
Íslenska II	50	10	Laugar
Enska I	30	8	Húsavík
Enska II	30	6	Húsavík
Stafræn ljósm. I	5	6	Húsavík
Stafræn ljósm. I	5	8	Húsavík
Stafræn ljósm. II	5	8	Húsavík
Photoshop	5	7	Húsavík
Photoshop	5	5	Húsavík
Sílfurskartgripagerð	12	12	Húsavík
Líkamsbeiting	4	3	Húsavík
Tölvur I	10	10	Húsavík
Fjöldi alls: 15	Alls: 321	Alls: 128	

6 námskeiðum var frestað á vorönn:

Skrautskrift, spænska, förðun, tölvur I – Kiðagil, publisher, powerpoint, ullarpæfing.

10 námskeið voru felld niður á vorönn:

Blómstraðu, vertu blómarós, Úr mínus í plús, Textílnámskeið, Grafísk hönnun, Excel I, Danska I, Þýska I, Ferðaþjónustuenska I, Salsanámskeið.



Frá kynningarfundum Þekkingarsetursins og Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis haustið 2007. Í upphafi hvers misseris er haldinn slíkur kynningarfundur fyrir nýbúa þar sem námsframboð og – möguleikar eru kynntir.

Námskeið haldin á haustönn

Námskeið	Kennslustundafjöldi	Þátttakendafjöldi	Staður
Fagnám II	60	17	Húsavík
Landnemaskóli	120	9	Húsavík
Aftur í nám	95	7	Húsavík
Samskipti	15	17	Húsavík, Þórsh.
Pósthússkóli	42	8	Húsavík
Íslenska I	50	15	Húsavík
Íslenska II	50	9	Húsavík
Íslenska I	50	13	Þórshöfn
Förðun	4,5	19	Mývatn
Skrautskrift	9	8	Húsavík
Jólasmiðja I	4,5	12	Húsavík
Jólasmiðja II	4,5	12	Húsavík
Jólasmiðja III	3	5	Húsavík
Excel I	10	5	Húsavík
Póstskóli, tölvur	18	8	Húsavík
Publisher I	8	5	Húsavík
Stafræn ljósm. I	5	5	Húsavík
Stafræn ljósm. II	5	6	Húsavík
Tölvur 60+	8	5	Húsavík
Fjöldi alls: 19	Alls: 546	Alls: 185	

3 námskeiðum var frestað á haustönn

Tölvur I – Kiðagil, fjármál heimilanna, pólska I,

12 námskeið voru felld niður á haustönn:

Haustskreytingar, líkamsbeiting, enska I, enska I-hraðnámskeið, stærðfræði fyrir foreldra, danska I, þrjónanámskeið, færnimappa-ferilskrá, grafísk hönnun, ullarþæfing – Mývatn, ullarþæfing – Raufarhöfn, photoshop.

Náms- og starfsráðgjöf


Verkefnið *Þitt val – þín leið* í náms- og starfsráðgjöf fór af stað í september árið 2006 hjá Þekkingarsetri Þingeyinga í kjölfar samninga við Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins. Verkefnið gekk vel á árinu 2007. Stofnunin náði að framkvæma öll þau viðtöl sem stefnt var að. Blómstraðu, vertu blómarós, Úr mínus í plús, Textílnámskeið, Grafísk hönnun, Excel I, Danska I,



Kornína Björg Óskarsdóttir (t.v.) tekur við viðurkenningu og verðlaunum Fræðslumiðstöðvar Atvinnulífsins fyrir að vera „Fyrirmynd í námi fullorðinna 2007“. Kornína býr á Björgum í Útkinn og nýtti sér námskeið og þjónustu námsráðgjafa Þekkingarsetursins á árinu 2007.

Þýska I, Ferðapjónustuenska I, Salsanámskeið.


Á árinu 2007 náði náms- og starfsráðgjafarverkefnið til 19 fyrirtækja þar sem haldin var 21 kynning á náms- og starfsráðgjöf. Á kynningarnar komu 173 einstaklingar, 128 þeirra skiluðu sér í viðtöl eða að meðaltali um 74% þeirra sem sátu kynningu. Af þessum 128 einstaklingum komu 28 í 2. viðtal og tveir komu í 3. viðtal. Alls voru viðtölin frá 1. janúar-31. desember 159 talsins.



Kynjahlutfall

í náms- og starfsráðgjöf árið 2007.

Kynjahlutfallið er áþekkt hlutfalli námskeiðspátttakenda



Aldurshlutfall

í náms- og starfsráðgjöf árið 2007.

Meðalaldur hópsins sem sótti ráðgjöf frá 1. janúar til 31. desember 2007 var 37,53 ár. Flestir komu úr hópi 40 ára og eldri en fæstir voru yngri en 25 ára.

- 25 ára og yngri
- 25-40 ára
- 40 ára og eldri

Nýbúafræðsla

Á árinu 2007 var ráðinn fagstjóri nýbúafræðslu til Þekkingarsetursins. Ástæða þessa var sú að bregðast þurfti við stóruknum fjölda innflytjenda á svæðinu undanfarin misseri. Þá ákvað Þekkingarsetrið að leggja mikla áherslu á faglega og góða þjónustu við nýbúa og gott framboð íslensku- og aðlögunarnáms fyrir þennan hóp. Aukin fjárframlög úr ríkissjóði til íslenskukennslu, Landnemaskóla-námskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og náið samstarf við stéttarfélögin er meðal þeirra forsendna sem lagðar voru fyrir þessari tilhögun mála hjá Þekkingarsetrinu.

Á vorönn 2007 voru haldin 6 námskeið í íslensku fyrir nýbúa, ýmist 30 eða 50 stunda, og einnig starfræktur Landnemaskóli samkvæmt námskrá FA. Á Húsavík

voru Íslenska I (30 stundir), Íslenska II (30 stundir) og Landnemaskóli (120 stundir). Á Laugum voru Íslenska I (30 stundir) og Íslenska II (30 stundir). Á Raufarhöfn var Íslenska I (50 stundir). Á Þórshöfn var Íslenska I (30 stundir). Heildarfjöldi nemenda sem skráðu sig á íslenskunámskeiðin á vorönn var 56 þar af 44 útskrifaðir.

- Á Húsavík voru 23 nemendur á námskeiðum og 19 útskrifaðir og 13 skráðir í Landnemaskólann og 8 útskrifaðir.
- Á Laugum voru 19 skráðir og 11 útskrifaðir.
- Á Raufarhöfn voru 14 skráðir og 14 útskrifaðir.

Á haustönn voru haldin fjögur námskeið auk Landnemaskóla. Þá var tekin sú stefna að öll íslenskunámskeið yrðu 50 stunda í stað 30 áður og er það gert í samræmi við tillögur starfshóps sem vinnur að móttöku íslenskunáms fyrir menntamálaráðuneytið. Á Húsavík voru Íslenska I (50 stundir), Íslenska II (50 stundir) og Landnemaskólinn (120 stundir). Á Þórshöfn var Íslenska I (50 stunda). Heildarfjöldi nemenda á íslenskunámskeiðum á haustönn var 48 þar af 31 útskrifaðir.

- Á Húsavík voru 35 nemendur skráðir og 18 útskrifaðir og 10 skráðir í Landnemaskólann og 9 útskrifaðir.
- Á Þórshöfn voru 13 skráðir og 13 útskrifaðir.

Markvisst hefur verið unnið að því að kynna fyrirtækjum nýbúafræðslu Þekkingarsetursins. Á vorönn var farið í heimsóknir í fyrirtæki á Húsavík þar sem flestir erlendir einstaklingar starfa í þeim tilgangi að kynna yfirmönnum fyrirtækjanna hvernig staðið er að nýbúafræðslu hjá Þekkingarsetrinu. Að auki var haft samband við minni vinnustaði og námsframboðið kynnt með því að senda upplýsingar í pósti.



Útskriftarhópur skólaliða í maí 2007. Um var að ræða námsleið skv. námskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem Þekkingarsetrið bauð á vormisseri. Hópurinn hittist á Narfastöðum í Reykjadal við lok námsleiðarinnar. Helena Eydís, verkefnastjóri símenntunar, er þriðja frá hægri.

Í upphafi hverrar annar stendur Þekkingarsetrið í samstarfi við Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis fyrir kynningarfundum um nýbúafræðslu. Kynningarfundurinn er túlkaður bæði á pólsku og ensku. Auk kynningar á efnispáttum námskeiðanna er farið yfir fyrirkomulag þeirra, tímasetningar, staðsetningar, hagnýtar leiðir til náms, menningarafall og kennarar komandi námskeiða kynntir.

Námskeiðamat í nýbúafræðslu hefur komið mjög vel út og er mikill meirihluti nemenda mjög ánægður með námskeiðin sem í boði hafa verið.

Áætlun 2008: Símenntunarsvið

Fjöldi almennra námskeiða á svæði þþ verði	35 eða fleiri
Fjöldi lengri námsleiða (60+ kest.)verði	4 eða fleiri
Fjöldi kenndra kennslustunda verði	nálægt 900
Fjöldi nemendastunda verði	um 12.000
Fjöldi náms- og starfsráðgjafarviðtala verði	150 eða fleiri
Kynjahlutfall námskeiðspátttakenda og ráðþega verði jafnað	karlar nái 40%
Unnið verði markvisst að því að fá stuðning við opnun fræðsluseturs á Þórshöfn	1 stöðugildi á árinu

Skýringar

Starfsemi á símenntunarsviði hefur aukist töluvert undanfarin misseri hjá Þekkingarsetrinu. Reiknað er með að almenn námskeiðskennsla á símenntunarsviði verði áþekk liðnu ári og útheimti um 1,4 stöðugildi tímabundinna kennsluverkefna.

Áform eru uppi hjá Þekkingarsetrinu um að efla þjónustu á fræðslusviði við íbúa norðausturhluta starfssvæðisins með opnun fræðsluseturs á Þórshöfn þar sem hýstur verði a.m.k. 1 starfsmaður Þekkingarsetursins. Þessi áform eru háð utanaðkomandi fjármagni og hefur Þekkingarsetrið þegar hafið vinnu við fjármögnun og undirbúning þessa verkefnis í samstarfi við Langanesbyggð og framhaldsskóla héraðsins.

Áherslur í símenntunarstarfi verða áþekkar árinu 2007, þ.e. horft verði til þess að koma á legg námsleiðum FA og öðrum sambærilegum leiðum í samstarfi við vinnustaði og stéttarfélagin eins og þátttaka fæst til. Haustið 2007 fékkst viðbótarfjármagn sem eftir stóð hjá FA, til að reka fleiri námsleiðir en gert hafði verið ráð fyrir. Ekki er hægt að gera ráð fyrir slíku á árinu 2008, en þó er stefnt að því að Þekkingarsetrið nýti rétt sinn til fjármagns til námsleiðareksturs.

Á árinu 2008 verður lögð aukin áhersla á samstarf námsráðgjafa og verkefnisstjóra símenntunar þannig að væntingar og þarfir fólks verði uppfylltar eins og hægt er við ákvörðun um námsframboð.

Áhersla verður lögð á vera áfram í fararbroddi á landsvísu í þróun og framboði námsmöguleika í nýbúafræðslu. Áfram er gert ráð fyrir um 50% starfi fagstjóra nýbúafræðslu.

Á árinu 2008 mun Þekkingarsetrið hefja vinnu við námsefnisþróun, fyrst um sinn á sviði nýbúafræðslu.

HÁSKÓLANÁMSSVIÐ

Háskólanámssvið árið 2007		
Markmið 2007?	Náðist markmiðið?	Skýringar:
Fullbúið háskólanámsver verði rekið áfram á Húsavík og aðstaða bætt frá því sem verið hefur m.t.t. þráðlauss nets og prentaðstöðu.	Já	Netkerfi bætt. Magnprentari keyptur. Læstir skápar f. nema
Komið verði upp <i>fjarfundabúnaði</i> í öllum helstu byggðakjörnum í Þingeyjarsýslum, alls á 5-6 stöðum.	Já	Fjarf.bún. settur upp á öllum FS-tengipunktum
Annast verði um <i>próftöku</i> nema úr öllum háskólum eftir óskum nema.	Já	Fjarpróf haldin á 5 stöðum a starfssvæði þþ, (langflest á Húsavík)
Unnið verði að því að koma upp 1-2 námsverum í byggðakjörnum í héraðinu í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög.	Já/nei	Óskað formlega eftir samstarfi 3 sveitarfélaga og 2 framhaldsskóla um opnun námsvera. Bíður ákvarðana sveitarstj.
Forstöðumaður kenni við samstarfsháskóla á sérsviði sínu eftir því sem tími gefst og óskað er eftir (stundakennslu við H.A. verði haldið áfram).	Já	Forst.m. stundakennari með 1 námskeið við H.A. á haustmíssi 2007
Háskólanemum verði boðin náms- og starfsráðgjöf á þekkingarsetrinu og sú þjónusta kynnt.	Já	Námsráðgjöf boðin og kynnt háskólanemum. Viðtöl þegin.

Námsver og þjónusta

Háskólanámsver var rekið eins og fyrr á árinu 2007 í húsnæði Þekkingarsetursins að Garðarsbraut 19, Húsavík. Sólarhringsaðgangur var að vinnuaðstöðunni. Gerðar voru betrum-bætur á búnaði og aðstöðu háskólanema á árinu 2007.



Þekkingarsetrið rekur háskólanámsver á Húsavík þar sem boðin er sólarhringsaðgangur að les- og vinnurými með nettengingu, prentaðstöðu og tölvuaðgengi. Á myndinni eru þær Unnur Katrín og Birna Dögg, fjarnemar í verðbréfamíðlunarnámi, við vinnu í fundarherbergi háskólanámssetursins.

Þjónustu Þekkingarsetursins er ljóst að þrengsli í núverandi húsnæði eru farin að skapa erfiðleika. Reynt verður að hafa aðstöðu háskólanema eins góða og mögulegt er á meðan úrlausna á húsnæðisvanda stofnunarinnar er beðið.

Keyptir voru nemendaskápar með læstum hölfum. Fartölvu- ver, prentkostur og netsamband var allt bætt á árinu 2007. Þá var lýsing bætt innan lesrýmis með nýrri stillanlegri vinnulýsingu. Þekkingarsetrið hélt þeirri stefnu sinni að taka ekki gjald af háskólanemum fyrir notkun lesrýmis og vinnuaðstöðu utan kostnaðargjalds fyrir prentun og ljósritun. Þrátt fyrir ágæta nýtingu og jákvæðni háskólanema sem nýta sér aðstöðu og

Töluverð aukning hefur verið á prófaumsjón fjarprófa á starfssvæði Þekkingarsetursins. Þekkingarsetrið tekur að sér prófaumsjón og –yfirsetu fyrir alla háskóla og nema sem þess óska hvar sem er innan starfssvæðis Þekkingarsetursins. Þekkingarsetrið tekur ekki gjald af nemum fyrir prófaumsjón.

Sem fyrr hafa háskólanámsverið og -þjónustan reynst afar mikilvægir þættir í starfsemi Þekkingarsetursins í samfélaginu. Samneyti starfsmanna innan Þekkingarsetursins við námsfólk í fjarnámi hefur reynst báðum aðilum afar ánægjulegt og farsælt fyrirkomulag.

Háskólakennsla

Haustið 2007 tók forstöðumaður að sér stundakennslu á sérsviði sínu við Háskólinn á Akureyri. Um er að ræða fasta kennslu og umsjón með námskeiði sem kennt er á haustin um mat á umhverfisáhrifum og skipulag. Tekjur af þessari kennslu renna beint til Þekkingarsetursins.

Áætlun 2008: Háskólanámssvið

Háskólanámsver á Húsavík rekið áfram með sólarhringsaðgangi og aukinni þjónustu við nema.

Háskólanemum verði boðin námsráðgjöf með skipulegum hætti.

Próftöku nema úr öllum háskólum verði sinnt (án gjaldtöku fyrir nemana).

Komið verði upp 2 háskólanámsverum á starfssvæði þp (1 í suðursýslu og 1 í norðursýslu).

Forstöðumaður kenni við samstarfsháskóla á sérsviði sínu eftir því sem tími gefst og óskað er eftir (stundakennslu við H.A. verði haldið áfram).

Unnið verði markvisst að því að fá stuðning við opnun fræðsluseturs á Þórshöfn, sem innifeli rekstur háskólanámsseturs.

Skýringar

Á árinu 2008 verður háskólanámsverið rekið áfram með sólarhringsaðgangi og er gert ráð fyrir því að auka þjónustu við nema. Þannig verði boðin á ákveðnum tímum tölvuaðstoð og ráðgjöf. Einnig verði með sama hætti boðin námsráðgjöf á staðnum fyrir þá sem þess óska.

Áfram verður lögð áhersla á að annast próftöku háskólanema úr öllum háskólum. Próftaka verður áfram gjaldfrjáls fyrir nemana sjálfa, en samningsatriði milli háskóla og Þekkingarsetursins, líkt og verið hefur.

Stefnt er að því að útvíkka núverandi "fjarnámsver" með þeim hætti að opnuð verði 2 háskólanámsver á starfssvæðinu, annað í suðursýslu og hitt í norðursýslu. Þar ekki eingöngu um að ræða fjarfundaaðstöðu heldur einnig og ekki síður vinnurými fyrir háskólanema, húsbúnaður, prentmöguleikar, netsamband og einhver þjónusta við nemana.

Þá eru uppi áform hjá Þekkingarsetrinu um að efla þjónustu á fræðslusviði við íbúa norðausturhluta starfssvæðisins með opnun fræðsluseturs á Þórshöfn. Innan þessa fræðsluseturs er gert ráð fyrir háskólanámssetri með þjónustu og aðstöðu sem því fylgir. Eins og áður hefur verið greint frá hefur Þekkingarsetrið þegar hafið vinnu við fjármögnun og undirbúning þessa verkefnis í samstarfi við Langanesbyggð og framhaldsskóla héraðsins. Verkefnið er þó háð utanaðkomandi fjármagni að mestu leyti.

RANNSÓKNAR- OG ÞRÓUNARSVIÐ

Rannsóknar- og þróunarsvið árið 2007		
Markmið 2007?	Náðist markmiðið?	Skýringar:
Staðið verði fyrir a.m.k. 3 rannsóknaverkefnum háskólanema	Já	Staðið var fyrir 4 verkefnum á árinu 2007
Unnið verði að stofnun rannsóknaseturs Háskóla Íslands í sjávarspendýrafræðum á Húsavík	Já	Rannsóknar- og fræðasetur Háskóla Íslands var stofnað á Húsavík haustið 2007
Tekið verði þátt í rannsóknar- og þróunarverkefnum með Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga og rannsóknasetrum á landsbyggðinni	Já	Samvinna hafin við Atv.pr.félag Þing., Háskólasetrið á Höfn, Þekkingarnet Austurlands o.fl. aðila. (Verkefni: Spatial planning, NEED, Vaxtarsamningur NA-lands o.fl..)
Þróaðar verði leiðir til að koma í auknum mæli með beinum hætti að rannsóknavinnu í héraðinu	Já	Staðið fyrir ýmis konar rannsóknavinnu (viðhorfskannanir, samantekt um íbúðapróun)
Áhersla verði lögð á þjónustu við þá aðila sem stunda rannsóknstörf í Þingeyjarsýslum	Já/nei	Mikil áhersla lögð á góða þjónustu við sjálfstæða rannsakendur. Húsnæðisrými hefur hamlandi áhrif.

Rannsóknar- og þróunarstarfsemi Þekkingarsetursins fólst í meginatriðum í þremur þáttum á árinu 2007:

- Rannsóknaverkefnum í samstarfi við háskólanema.
- Rannsóknar- og ráðgjafarvinnu forstöðumanns og sérfræðings á rannsóknar-/þróunarsviði.
- Samstarfi við ýmis stærri þróunar- og rannsóknaverkefni.

Rannsóknaverkefni háskólanema

Á árinu 2007 var eins og venja er leitað eftir samstarfi við háskólanema um rannsóknar- og þróunarverkefni. Hvatningarpóstar voru sendir á póstlista þingeyskra háskólanema, auglýsingar birtar og annarra leiða leitað til að ná til þess hóps og virkja til samstarfs. Markmiðið var að efniviður slíkra verkefna tengdist héraðinu og/eða þau væru unnin af háskólanemum úr héraði.

Á árinu 2007 voru unnin 4 verkefni af háskólanemum á vegum og/eða í samstarfi við Þekkingarsetrið. Öll verkefnin voru fjármögnuð utan frá með styrkjum. Hverju og einu þessara verkefna er stuttlega lýst á afriti af veggspjaldi á næstu síðu.

- Vatnajökulsþjóðgarður, margháttuð tækifæri eða frumhlaup?
 - Kristveig Sigurðardóttir, M.Sc. í skipulagsverkfræði
- Stjórnsýsla smærri sveitarfélaga
 - Aðalsteinn J. Halldórsson, M.P.A. nemi í opinberri stjórnsýslu
- Laxárskólinn – útikennsluverkefni í náttúrufræði
 - Sigrún Þórólfsdóttir, B.Ed. kennaranemi
- Hönnun „Öskjureitsins“ í miðbæ Húsavíkur
 - Baldur Kristjánsson, B.A. nemi í arkitektúr

Verkefnasjóður Þekkingarseturs Þingeyinga

Á árinu 2007 var stofnað til Verkefnasjóðs Þekkingarseturs Þingeyinga. Þar er um að ræða hugmynd sem uppi hefur verið um nokkurt skeið, en náðist nú samstaða um með sveitarfélaginu Norðurþingi. Norðurþing greiðir ákveðna upphæð á ári til sjóðsins sem Þekkingarsetrið sér um að úthluta sem styrkjum til einstakra verkefna. Fleiri aðilar gætu átt eftir að koma að sjóðnum síðar meir, bæði sveitarfélög á starfssvæðinu og fyrirtæki. Á árinu 2007 hafði sjóðurinn um 1 m.kr. til úthlutunar í verkefni. Sjóðurinn er í eign og umsjá Þekkingarsetursins og til þess hugsaður að hvetja til rannsókn- og lokaverkefna sem tengjast með beinum hætti starfssvæði Þekkingarsetusins.

Þjónustu- og ráðgjafarverkefni

Á árinu 2007 sinnti Þekkingarsetrið nokkrum þróunar-, rannsókn- og ráðgjafarverkefnum. Sum þeirra hafði Þekkingarsetrið forgöngu um. Þessi verkefni voru unnin að mestu af sérfræðingi á rannsókn- og þróunarviði en einnig forstöðumanni, að hluta til í útseldri vinnu. Þau verkefni sem lokið var með skýrslu á árinu eru eftirfarandi:

- Setrið – geðræktarmiðstöð, úttekt: Framvinduskýrsla gerð fyrir forsvarsaðila verkefnisins. Viðhorfskönnun gerð meðal notenda, aðstandenda og fagaðila vor/sumar 2007.
- Undirbúningur að stofnun rannsóknaseturs í sjávarspendýrafræðum: Samstarfi haldið áfram við Háskóla Íslands og Náttúrustofu Norðausturlands um kynningu og útfærslu verkefnisins. Rannsóknasetrið fékkst stofnað á árinu 2007 og hóf starfsemi í október 2007.
- Mannfjöldapróun innan Norðurþings: Skýrsla gerð um mannfjöldapróun, ásamt aldurs- og kynjaskiptingu íbúa, innan sveitarfélagsins Norðurþings. Ráðgjert er að gera slíka samantekt árlega.

Þróunar- og samstarfsverkefni

Á árinu 2007 átti Þekkingarsetrið aðkomu að ýmsum þróunarverkefnum í samstarfi við aðra.

- Jarðskjálftasetur á Kópaskeri. Þekkingarsetrið kom að þessu þróunarverkefni síðari hluta ár 2007, en það gengur út á að stofnsetja Jarðskjálftasetur á Kópaskeri, sem samanstendur af sýningu og miðlun þekkingar á jarðskjálftum og jarðfræði. Þekkingarsetrið aðstoðaði frumkvöðla verkefnisins við skýrslugerð og styrkumsóknir ásamt því að veita almenna ráðgjöf. Vinnan við verkefnið bar árangur á árinu því fjármagn fékkst



Frá stofnfundi Skjálftafélagsins – félags áhugafólks um jarðskjálftasetur á Kópaskeri, í nóvember 2007. Þekkingarsetrið veitti ráðgjöf og aðstoðaði við hugmyndavinnu, fjáröflun og kynningu verkefnisins.

á fjárlögum til að hefja 1. áfanga verkefnisins á árinu 2008.

- Svartárkot – fræðasetur. Þekkingarsetrið hefur verið meðal bakhjarla þessa verkefnis, sem gengur í meginatriðum út á þróun og uppbyggingu akademískrar ferðaþjónustu í Bárðardal. Frumkvöðlar verkefnisins eru íbúar Svartáarkots í Bárðardal og Viðar Hreinsson, forstöðumaður Reykjavíkuraðemiunnar. Aðrir samstarfsaðilar eru Ferðamálastetur Íslands á Akureyri, Atvinnþróunarfélag Þingeyinga og fjölmargir fleiri.

- Spatial planning. Verkefnið Spatial Planning gengur út á þróun svokallaðrar samþættrar áætlanagerðar. Þetta er NPP-styrkt verkefni sem Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hefur verið beinn þátttakandi í sl. misseri ásamt Skipulagsstofnun, Bygðastofnun og fleiri aðilum. Þekkingarsetrið tók að sér ákveðin verkefni á síðari hluta árs 2007, m.a. gerð áfangaskýrslu.
- NEED (Northern Environmental Education Development). Þróunarverkefni sem sótt var um NPP (Northern Periphery) styrk til á árinu 2007. Leiðandi aðili verkefnisins á Íslandi er Háskólasetur H.Í. á Höfn í Hornafirði. Þekkingarsetrið fer fyrir hópi aðila á Norðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs. Styrkur fékkst í lok árs og hefst verkefnið á árinu 2008.
- Vöktun samfélagsáhrifa af stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Samstarfs-vettvangur var myndaður um þetta verkefni á árinu 2007 með fundum og öðru samráði. Fjármögnun og útfærsla er eftir í samráði við stjórnvöld. Þeir aðilar sem átt hafa samstarf um hugmyndina eru auk Þekkingarsetursins, Háskóli Íslands, Háskólasetrið á Höfn í Hornafirði, Þekkingarnet Austurlands og fleiri aðilar.
- Ýmis önnur almenn þróunar- og samstarfsverkefni:
 - Samstarf af ýmsu tagi við Náttúrustofu Norðausturlands, rannsókn- og háskólasetur og símenntunarmiðstöðvar á landinu.
 - Bygð- og atvinnutengd verkefni með Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga
 - Hýsing og aðstoð við rannsakendur víðs vegar að sem eiga leið um svæðið og stunda rannsóknir sínar í Þingeyjarsýslum.

Fyrirlestrar, ráðstefnur og framsögur

Á árinu 2007 stóð Þekkingarsetrið fyrir fyrirlestrum, framsögum og ráðstefnum, ýmist á eigin vegum eða í samstarfi við aðrar stofnanir.

- Skúlagarður, Kelduhverfi – febrúar. Ráðstefna/málþing um atvinnutækifæri í tengslum við þjóðgarðinn við Jökulsárgljúfur. Haldin í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga. Um 50 manns mættu.



Linda Margrét Sigurðardóttir viðskiptafræðingur flytur framsögu á ráðstefnu Þekkingarsetursins í Kelduhverfi um atvinnutækifæri í tengslum við þjóðgarðinn við Jökulsárgljúfur. Ráðstefnan var haldin í febrúar 2007.

- Húsavík, veitingastaðurinn Salka – mars 2007. Opinn fyrirlestur um samfélagsáhrif Vaðlaheiðarganga. Haraldur Reinhardsson, sérfræðingur kynnti niðurstöður sumarverkefnis 2006. Um 50 manns mættu.
- Húsavík, Fosshótel – júní 2007. Framsaga á ársfundi Félags Skólameista framhaldsskóla. Óli Halldórsson forstöðumaður kynnti þekkingar-, fræðslu-

og rannsóknastarfsemi í Þingeyjarsýslum. Um 60 manna hópur á vegum Félags Skólameistara.

- Húsavík, Hvalasafnið – júní 2007. Fyrirlestur fyrir hóp erlendra fræðimanna á í námsferð á vegum undirbúningshóps um fræðasetur í Svartáarkoti. Óli Halldórsson fjallaði um samfélag, búsetuaðstæður og umhverfi á Norðasturhorni Íslands.
- Reykjavík, Hús Orkuveitu Reykjavíkur – júní 2007. Framsaga á ráðstefnu Landverndar um Íslandsgátt. Óli Halldórsson, forstöðumaður, fjallaði um akademíska ferðapjónustu og fræðslutúrisma og kynnti hugmyndir Þekkingarsetursins á þessu sviði. Um 40 manns mættu.
- Húsavík, veitingastaðurinn Salka – september 2007. Opinn fyrirlestur um skipulagsmál miðbæjarins á Húsavík. Baldur Kristjánsson, B.A.-nemi í arkitektúr, kynnti niðurstöður sumarverkefnis um hönnun sk. „Öskjureits“ í miðbæ Húsavíkur. Um 45 manns mættu.
- Ýmsar smærri kynningar haldnar um starfsemi Þekkingarseturs Þingeyinga og samstarfsstofnana að auki í skólum og vinnustöðum innan héraðs.

Útgefið efni

Þekkingarsetrið gaf út eftirfarandi skýrslur/greinargerðir/rit á árinu 2007:

- Vatnajökulspjöldgarður - Margháttað tækifæri eða frumhlaup? 2007 Haust Efni skýrslu:
Unnið af Kristveigu Sigurðardóttur, M.S. verkfræðingi frá KTH í Svíþjóð. Kristveig vann þetta verkefni sumarið 2007 með stuðningi frá Verkefnasjóði Þekkingarseturs Þingeyinga, Kísilgúrsjóði og Nýsköpunarsjóði námsmanna. Könnun á viðhorfi ferðapjónustuaðila norðan Vatnajökuls til Vatnajökulspjöldgarðs.
- Jarðskjálftasetur á Kópaskeri. 2007 haust.
Efni skýrslu:
Greinargerð, unnin af Þekkingarsetri Þingeyinga (ÓH) fyrir Skjálftafélagið - félag áhugafólks um Jarðskjálftasetur á Kópaskeri. Greinargerðin er tekin saman vegna umsókna um fjármagn til Alþingis og sjóða haustið 2007.
- Íbúabróun innan sveitarfélagsins Norðurbings. 2007 vor.
Efni skýrslu:
Unnið af Haraldi Reinhardssyni vor/sumar 2007. Um er að ræða samantekt á íbúabróun, kynjahlutfalli og aldursskiptingu innan sveitarfélagsins Norðurbings frá því fyrir sameiningu (sem varð árið 2006).
- Setrið – geðræktarmiðstöð. 2007 vor.
Efni skýrslu:
Unnið af Haraldi Reinhardssyni vor/sumar 2007. Um er að ræða framvinduskýrslu fyrir starfsemi geðræktarmiðstöðvarinnar Seturins á Húsavík. Lögð var spurningakönnun fyrir notendur, aðstandendur og fagaðila sem tengjast starfseminni. Skýrslan var unnin fyrir Fjölskyldupjónustu Þingeyinga. Skýrslan er ekki birt á heimasíðunni en niðurstöður hennar er hægt að nálgast með samráði við Þekkingarsetrið og Félagspjónustuna.
- Ársskýrsla Þekkingarseturs Þingeyinga 2006. 2007 vor.
Efni skýrslu:
Skýrsla um starfsemi ársins 2006.

Áætlun 2008: Rannsókn- og þróunarsvið

Starfsemi rannsókn- og þróunarsviðs verði efla og treyst með því að festa í sessi stöðugildi sérfræðings á sviðinu með auknum rannsóknaverkefnum og þjónusturannsóknum.

Staðið verði fyrir a.m.k. 4 rannsóknaverkefnum háskólanema á árinu

Hafin verði þátttaka í alþjóðlegum rannsókn- og þróunarverkefnum með samstarfsaðilum

Komið verði á reglulegu, föstu samráðsfyrirkomulagi með Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga um nýsköpunar- og þróunarverkefni sem tengjast starfssvæði stofnananna.

Eflit verði samstarf stofnana á þekkingarsviði á starfssvæði þekkingarsetursins.

Komið verði á reglulegri útgáfu á grunnupplýsingum um íbúa- og samfélagsþróun á starfssvæði þekkingarsetursins.

Komið verði á fyrirlestraröð á vegum þekkingarsetursins frá hausti 2008

Skýringar

Vaxtarmöguleikar þekkingarseturs Þingeyinga eru hvað mestir á sviði rannsókn- og þróunarvinnu. Í þeim geira er hægt að sækja utanaðkomandi fjármagn að nokkru leyti, bæði á grunni útseldra þjónustuverkefna og umsókna í íslenska og erlenda rannsókn- og þróunarsjóði. Á árinu 2008 er stefnt að því að efla og treysta starfsemi á þessu sviði. Brýnt er að þróa áfram og festa í sessi stöðugildi sérfræðings á rannsókn- og þróunarsviði, en það er forsenda fyrir frekari eflingu og sókn í utanaðkomandi fjármagn til frekari verkefna.

Áfram verður lögð mikil áhersla á sumarverkefni þingeyskra háskólanema og almennan stuðning við rannsókn- og þróunarverkefni nema sem tengjast starfssvæðinu. Áformað er að standa fyrir a.m.k. 4 slíkum verkefnum á árinu.

Á árinu er ætlunin að hefja uppbyggingu þekkingar á sviði umsókna í erlenda sjóði og þátttöku í slíkum verkefnum. Stefnt er að því að samstillta krafta á þessu sviði með Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga.

Unnið verður að eflingu samstarfs stofnana á þekkingarsviði á starfssvæði þekkingarsetursins á árinu 2008, m.a. með því að stuðla að því að þessar stofnanir geti starfað undir sama þaki í náginni framtíð. Settur verður á fastur samráðsvettvangur með reglulegum fundum milli þekkingarsetursins og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga.

Komið verður á reglulegri útgáfu á grunnupplýsingum um íbúa- og samfélagsþróun á starfssvæði þekkingarsetursins. Þetta verði gert í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og komið í fastan árvissan farveg.

Kynning og miðlun á rannsókn- og þróunarsviði verður sett í fastari skorður á árinu 2008 með kynningu fyrirlestraraðar í upphafi skólaárs.



Starfsemi

Þekkingarsetur Þingeyinga Starfsemi innan setursins

árið 2007



Þekkingarsetur Þingeyinga

Miðstöð simenntunar, háskólanáms- og rannsókna. Sjálfseignarstofnun með aðsetur á Húsavík.

•Óli Halldórsson

M.A. umhverfisfræði, B.A. heimspeki, dipl. kennslufræði
Verkefni: Forstöðumaður



•Helena Eydis Ingólfssdóttir

B.Ed. kennari, M.P.A. nemi í opinberri stjórnsýslu
Verkefni: Verkefnastjóri á simenntunarsviði



•Guðrún Ósk Brynjarsdóttir

Nemi í skrifstofustjórnun og skólaritun
Verkefni: Þjónustufulltrúi. Afgreiðsla, skrifstofustörf, húsumsjón.



•Haraldur Reinhardsson

B.A. í samfélags- og hagþróunarfræðum
Verkefni: Sérfræðingur á rannsókna- og þróunarsviði



•Erla Dögg Ásgeirsdóttir

B.A. uppeldisfræði, dipl. náms- og starfsráðgjöf, M.A. nemi í náms- og starfsráðgjöf.
Verkefni: Náms- og starfsráðgjöf í hlutastarfi.



•Selma Kristjánsdóttir

B.Ed. kennari, M.A. nemi í fjölmenningsfræðum
Verkefni: Fagstjóri nýbúafraeðslu.



Sjálfstæð rannsóknarverkefni háskólanema í samstarfi við Þekkingarsetrið

•Kristveig Sigurðardóttir

M.S. skipulagsverkefndingur
Verkefni: Vatnajökulsþjóðgarður, margháttað tækifæri eða frumhlaup? Viðhorfskönnun meðal ferðapjónustuaðila.
Samstarf við setrið: Unnin rannsókn fyrir Þekkingarsetrið sumarið 2007.



•Sigrún Þorólfssdóttir

B.Ed. kennari
Verkefni: Laxárskólinn – útiskóli í náttúrufræði
Próun verkefnisins í samstarfi við frumkvöðla og skóla
Samstarf við setrið: Vinnuaðstaða sumarið 2007.



•Aðalsteinn J. Halldórsson

B.A. stjórnmálafræðingur, M.P.A. nemi í opinberri stjórnsýslu
Verkefni: Stjórnsýsla smærri sveitarfélaga.
Úttekt, rannsókn sumarið 2007.
Samstarf við setrið: Fjaröflun, umsjón, sumarið 2007.



•Baldur Kristjánsson

B.A. nemi í arkitektúrvið LHÍ.
Verkefni: Skipulag miðbæjar í Húsavík.
Hönnun "Öskjureitar" í miðbæ.
Samstarf við setrið: Fjaröflun, aðstaða, sumarið 2007.



Náttúrustofa Norðausturlands

Rannsóknastofnun á sviði náttúrufræða. Rekin af Norðurþingi og Skútustaðahreppi með fjárframlagi úr ríkissjóði.

•Þorkell Lindberg Þórarinnsson

M.S./B.S. líffræðingur
Verkefni: Forstöðumaður



•Sesselja G. Sigurðardóttir

B.S. líffræðingur
Verkefni: Sérfræðingur
Rannsóknastofa, skýrsluvinna



•Aðalsteinn Örn Snæþórsson

B.S. líffræðingur, kennari
Verkefni: Sérfræðingur
Rannsóknir, fræðsla



•Björgvin R. Leifsson

M.S. sjávarlíffræðingur
Verkefni: Sérfræðingur í hlutastarfi.
Rannsóknastofa, greiningar



•Björgvin Friðbjarnarson

Nemi við Framhaldsskólann á Húsavík
Verkefni: Aðstoðarmaður í sumarstarfi.
Aðstoð við rannsóknavinnu



Háskóli Íslands

Rannsóknar- og fræðasetur Háskóla Íslands í sjávarspendýrafræðum á Húsavík. Hóf starfsemi haustið 2007 og starfar innan veggja Þekkingarseturs Þingeyinga.

•Marianne H. Rasmussen

Ph.D. sjávarspendýralíffræði, cand.sc. líffræði
Staða: Forstöðumaður



Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Heilbrigðisfulltrúi með starfssvæði í Þingeyjarsýslum
Mjólkurfræðingur

•Þorkell Björnsson

Staða: Heilbrigðisfulltrúi



Háskólanámssetur

Þekkingarsetur Þingeyinga rekur háskólanámssetur með vinnuaðstöðu fyrir nema. Nemar frá öllum háskólum landsins geta sótt þjónustu við nám sitt hjá Þekkingarsetrinu. Háskólanemar hafa sólarhringsaðgang að vinnuaðstöðu Þekkingarsetursins á Húsavík.

Gestarannsakendur

Rannsóknar- og fræðafólk nýtir sér í töluverðum mæli þjónustu stofnananna á ferðum sínum. Vinnuaðstaða, aðstoð við rannsóknir og lán á tækjum og búnaði er meðal þess sem Þekkingarsetrið og Náttúrustofan hafa boðið rannsóknafólki.